

Samþykktir Almenna lífeyrissjóðsins

1. kafli. Almenn ákvæði	2
1. grein. Nafn sjóðs, heimili og skipulag	2
2. grein. Hlutverk	2
3. grein. Aðild	2
4. grein. Iðgjöld	2
2. kafli. Stjórn, ársfundur og fjárfestingarheimildir	3
5. grein. Stjórn	3
6. grein. Ársreikningur og endurskoðun	4
7. grein. Ársfundur og aðrir sjóðfélaga fundir	5
8. grein. Breyting á samþykktum og atkvæðisréttur á sjóðfélaga fundum	5
9. grein. Fjárfestingarheimildir	6
3. kafli. Séreignarsjóður	6
10. grein. Séreignarsjóður	6
11. grein. Verðbréfasöfn	6
12. grein. Útborgun inneignar	7
13. grein. Skipting inneignar milli sjóðfélaga og maka	8
14. grein. Flutningur inneignar	8
15. grein. Um framsöl og veðsetningu inneignar	8
4. kafli. Samtryggingarsjóður	888
16. grein. Um samtryggingarsjóðinn	888
17. grein. Fyrirkomulag og réttindi í samtryggingarsjóði	998
18. grein. Ellilífeyrir	10409
19. grein. Örorkulífeyrir	111110
20. grein. Maka- og bamalífeyrir	131312
21. grein. Viðbótartryggingavernd	131312
22. grein. Um skiptingu réttinda á milli sjóðfélaga og maka	141413
23. grein. Tilhögun lífeyrisgreiðslna úr samtryggingarsjóði	141413
24. grein. Tryggingafræðileg athugun	141413
25. grein. Flutt réttindi	151413
5. kafli. Ýmis ákvæði	171715
26. grein. Upplýsingaskylda	171715
27. grein. Flutningur réttinda til annarra lífeyrissjóða	171715
28. grein. Gerðardómur	171715
29. grein. Daglegur rekstur	181816
6. kafli. Iðgjaldatöflur	202017
Tafla 1. Hlutfall iðgjalds í samtryggingarsjóð sem greiðist í tryggingadeild	202017
Tafla 2. Árlegur örorkulífeyrir fyrir hvert 10.000 króna iðgjald í tryggingadeild	202017
Tafla 3. Árlegar lífeyrisgreiðslur til æviloka fyrir 1 milljón krónur úr eftirlaunasjóði	212118
Tafla 4. Iðgjaldtafla fyrir viðbótarellilífeyri	212118
Fylgiskjal I – Fyrirkomulag stjórnarkjörs samkvæmt bráðabirgðaákvæði gr. 5.8.	242419

Samþykktar á ársfundi 10. mars Lagðar fyrir sjóðfélaga fund 29. október 2009.

1. kafli. Almenn ákvæði

1. grein. Nafn sjóðs, heimili og skipulag

1.1 Heiti sjóðsins er ALMENNÍ LÍFEYRISJÓÐURINN. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

1.2 Í Almenna lífeyrissjóðnum geta sjóðfélagar greitt bæði í séreignarsjóð og samtryggingarsjóð og er rekstur þeirra fjárhagslega aðskilinn.

Í séreignarsjóðnum eru iðgjöld færð á sérreikning sjóðfélaga samanber skilmála í 3. kafla samþykktanna.

Með greiðslum í samtryggingarsjóð ávinna sjóðfélagar sér lífeyrisréttindi samanber skilmála í 4. kafla samþykktanna.

2. grein. Hlutverk

2.1 Hlutverk sjóðsins er að taka við iðgjöldum sjóðfélaga og ávaxta þau til þess að tryggja sjóðfélögum og mökum þeirra og börnum lífeyri samkvæmt þeim reglum sem hér fara á eftir.

2.2 Hlutverk sjóðsins er að taka við iðgjöldum sjóðfélaga og tryggja þeim lágmarkstryggingavernd skv. lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Ennfremur að taka við viðbótariðgjöldum til þess að sjóðfélagar geti aukið lífeyrisréttindi sín.

2.3 Maki samkvæmt samþykktum þessum telst sá eða sú sem við andlátíð var í hjúskap með sjóðfélaga, staðfestri samvist eða óvígðri sambúð, enda hafi fjárfélagi ekki verið slitið fyrir andlát sjóðfélagans. Með óvígðri sambúð er átt við sambúð karls og konu sem eiga sameiginlegt lögheimili, eru samvistum, eiga barn saman eða konan er þunguð eða sambúðin hefur varað samfleytt í a.m.k. tvö ár.

Með börnum er í samþykktum þessum átt við börn og kjörbörn sjóðfélaga, einnig stjúp- og fösturbörn sem sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti síðustu tvö árin fyrir andlát hans.

3. grein. Aðild

3.1 Aðild að sjóðnum er öllum opin. Jafnframt er sjóðurinn starfsgreinasjóður arkitekta, leiðsögunna, lækna, tónlistarmanna og tæknifræðinga.

3.2 Allir geta greitt viðbótariðgjöld í sjóðinn.

3.3 Þeir, sem vilja gerast sjóðfélagar, skulu afhenda stjórn sjóðsins skriflega inntökubeiðni og felst í henni yfirlýsing um að þeir vilji hlita samþykktum sjóðsins.

3.4 Þeir, sem eiga inneign í séreignarsjóði eða réttindi í samtryggingarsjóði, teljast sjóðfélagar. Þeir sem njóta elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum, teljast sjóðfélagar.

3.5 Aðild að sjóðnum fellur niður ef sjóðfélagi hefur fengið greidd réttindi eða inneign greidda að fullu eða við að þau flytjast samkvæmt samskiptareglum lífeyrissjóða í annan lífeyrissjóð.

4. grein. Iðgjöld

4.1 Sjóðfélagar tryggja sér lágmarkstryggingavernd samkvæmt lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða með greiðslu lágmarksiðgjalds í Almenna lífeyrissjóðinn. Lágmarksiðgjald skal vera 12% af heildarfrjárhæð greiddra launa og endurgjalds fyrir hvers konar vinnu, starf og þjónustu, samkvæmt skilgreiningu sömu laga. Af lágmarksiðgjaldi greiðast 67% í samtryggingarsjóð.

Fjárhæð viðbótariðgjalds í séreignarsjóð er frjáls. Sjóðfélagar skulu sækja um greiðslu viðbótariðgjalds til samtryggingarsjóðs sbr. grein 21.1.

- 4.2 Gerist maður sjóðfélagi í þessum sjóði, sem verið hefur sjóðfélagi í öðrum lífeyrissjóði, er stjórn sjóðsins heimilt að taka við sem eingreiðslu því fé er hann kann að fá útborgað úr þeim sjóði sem hann flyst úr.
- 4.3 Launagreiðanda ber að halda iðgjöldum launþega eftir af launum hans og standa sjóðnum skil á þeim mánaðarlega ásamt eigin iðgjaldahluta sbr. 7. grein laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Gjaldldagi iðgjalda hvers mánaðar er 10. dagur næsta mánaðar. Sjóðfélagi ber að fylgjast með að iðgjaldagreiðslur berist sjóðnum. Ef sjóðfélagi tilkynnir ekki sjóðnum um vangoldin lífeyrisiðgjöld ber hann kostnað og áhættu af innheimtu vangoldinna lífeyrisiðgjalda sem fallið hafa í gjaldldaga 19 mánuðum fyrir frestlag eða fyrr.
- 4.4 Lífeyrissjóðnum er heimilt að reikna dráttarvexti á iðgjöld sem eru greidd eftir eindaga sem er síðasti dagur næsta mánaðar eftir launatímabil. Dráttarvextir reiknast frá gjaldldaga til greiðsludags.

2. kafli. Stjórn, ársfundur og fjárfestingarheimildir

5. grein. Stjórn

- 5.1 Stjórn sjóðsins skal skipuð sex sjóðfélögum kjörnum á ársfundi til þriggja ára í senn. Varamenn í stjórn eru þrír sjóðfélagar kosnir af sjóðfélögum. Að jafnaði skulu ár hvert kosnir tveir sjóðfélagar á ársfundi og einn til vara. Framboðum til stjórnar (aðalmenn) skal skila viku fyrir ársfund til stjórnar sjóðsins. Stjórnarmenn skulu kosnir með meirihlutakosningu. Ef kjósa á einn frambjóðanda fer öll inneign sjóðfélaga á þann frambjóðanda. Ef kjósa skal tvo stjórnarmenn getur sjóðfélagi merkt við tvo frambjóðendur og fá þeir þá báðir alla inneign sjóðfélagsins. Varamenn skulu kosnir í sérstakri kosningu þegar kjör aðalstjórnarmanna hefur farið fram. Varamenn skulu boðaðir í fjarveru stjórnarmanna í þeirri röð sem þeir voru kosnir. Varamenn hafa eingöngu atkvæðisrétt þegar þeir sitja sem aðalmenn. Stjórnarmaður má sitja í stjórn sjóðsins í allt að 12 ár.
- 5.2 Stjórnarmenn skulu vera búsettir hér á landi, lögráða og fjár síns ráðandi og uppfylla að öðru leyti skilyrði 31. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997. Stjórn Almenna lífeyrissjóðsins ber ábyrgð á starfsemi sjóðsins í samræmi við lög nr. 129/1997, reglugerðir settar samkvæmt þeim og samþykktir sjóðsins. Stjórnin setur sér starfsreglur og gerir tillögur til breytinga á samþykktum sjóðsins á ársfundi. Stjórn sjóðsins fer með yfirstjórn hans og fjallar um allar meiriháttar ákvarðanir varðandi stefnumótun sjóðsins og starfsemi. Hún ræður framkvæmdastjóra, ákveður laun hans og önnur starfskjör og setur honum starfsreglur. Stjórnin ræður forstöðumann endurskoðunardeilda eða semur við sjálfstætt starfandi eftirlitsaðila um að annast innra eftirlit. Semji stjórn við sjálfstætt starfandi eftirlitsaðila má ekki semja við endurskoðunarfélag sem endurskoðar ársreikning sjóðsins. Stjórn sjóðsins skal móta fjárfestingarstefnu hans, setja reglur um upplýsingagjöf framkvæmdastjóra til stjórnar um rekstur, iðgjöld, réttindaávinnslu og ráðstöfun eigna sjóðsins. Þá skal stjórnin setja verklagsreglur um verðbréfavíðskipti lífeyrissjóðsins, stjórnar hans og starfsmanna og fá þær staðfestar af Fjármálaeftirlitinu. Stjórnin veitir og afturkallar prókúruumboð til handa framkvæmdastjóra og öðrum starfsmönnum.
- 5.3 Stjórn sjóðsins skal kjósa sér formann og skipta með sér verkum að öðru leyti. Formaður kveður til stjórnarfundar og skal fund halda ef einhver stjórnarmanna krefst þess. Um það, sem gerist á stjórnarfundum, skal haldin gerðabók sem undirrituð skal af þeim er fundinn sitja.

3

- 5.4 Stjórn sjóðsins er ákvörðunarþær þegar meirihluti stjórnarmanna sækir fund. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka nema allir stjórnarmenn hafi haft tæk á því að fjalla um málið sé þess kostur. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum.
- 5.5 Stjórn sjóðsins kemur fram fyrir hönd sjóðsins og skuldbindur hann. Stjórnin getur veitt stjórnarmönnum eða öðrum heimild til þess að skuldbinda sjóðinn, sbr. 29. grein.
- 5.6 Stjórn Almenna lífeyrissjóðsins hefur heimild til að bjóða fulltrúum hópa sjóðfélaga að sitja stjórnarfundum sem áheymarfulltrúar með málfrelsi og tillögurétt.
- 5.7 Stjórn Almenna lífeyrissjóðsins er launuð og ákveður ársfundur stjórnarlaus fyrir liðið starfsár.
- 5.8 Bráðabirgðaákvæði sem gildir til ársfundar árið 2011.

Við sameiningu Lífeyrissjóðs lækna og Almenna lífeyrissjóðsins þann 1. janúar 2006 skal stjórn Almenna lífeyrissjóðsins skipuð níu aðalmönnum og fjórum varamönnum úr stjórnunum hinna sameinuðu lífeyrissjóða.

Úr stjórn Lífeyrissjóðs lækna koma tveir stjórnarmenn tilnefndir af Læknafélagi Íslands á ársfundi 2003 og einn kosinn á ársfundi 2003. Úr varastjórn kemur einn varamaður tilnefndur af Læknafélagi Íslands á ársfundi 2003 skv. ákvörðun stjórnar Læknafélags Íslands. Stjórn Lífeyrissjóðs lækna var tilnefnd/kosin til þriggja ára og sitja stjórnarmenn úr Lífeyrissjóði lækna í stjórn sameinaðs sjóðs til ársfundar 2006.

Úr stjórn Almenna lífeyrissjóðsins koma tveir stjórnarmenn sem kosnir voru á ársfundi 2004 og tveir kosnir á ársfundi 2005. Auk þess kemur einn stjórnarmaður sem tilnefndur var af Íslandsbanka 2004 og annar tilnefndur 2005. Úr varastjórn kemur einn stjórnarmaður kosinn á ársfundi 2004 og annar kosinn 2005, auk eins sem tilnefndur er af Íslandsbanka 2005. Stjórn Almenna lífeyrissjóðsins var tilnefnd/kosin til tveggja ára og sitja stjórnarmenn úr Almenna lífeyrissjóðnum í stjórn sameinaðs sjóðs til ársfunda 2006 og 2007 eftir því hvenær þeir voru kosnir/tilnefndir.

Á ársfundi sjóðsins 2006 skal kjósa tvo aðalmenn og einn varamann í stjórn til tveggja ára og einn aðalmann í stjórn til þriggja ára. Jafnframt tilnefnir þá stjórn Íslandsbanka einn aðalmann í stjórn til þriggja ára og Læknafélag Íslands tilnefnir einn aðalmann í stjórn til tveggja ára og einn aðalmann og einn varamann í stjórn til þriggja ára.

Á ársfundi sjóðsins 2007 skal kjósa tvo aðalmenn og einn varamann í stjórn til þriggja ára og jafnframt tilnefnir stjórn Íslandsbanka einn aðalmann og einn varamann í stjórn til þriggja ára.

Á ársfundi sjóðsins 2008 skal kjósa þrjú aðalmenn og einn varamann í stjórn til þriggja ára.

Á ársfundi sjóðsins 2009 skal kjósa tvo aðalmenn og einn varamann í stjórn til þriggja ára. Á fundinum skal einnig kjósa einn stjórnarmann og einn varamann til eins árs í staðinn fyrir fulltrúa Íslandsbanka sem voru tilnefndir á ársfundi 2007 en hætta á ársfundi 2009.

Eftir það gildir ákvæði gr. 5.1.

Tafla yfir kjör og tilnefningu aðalstjórnar og varastjórnar samkvæmt bráðabirgðaákvæði þessu fylgir samþykktum þessum sem fylgiskjal I.

- 5.9 Bráðabirgðaákvæði sem gildir til ársfundar árið 2015.

Ákvæði um hámarksstjórnasetu í grein 5.1. gildir frá 1. janúar 2003

6. grein. Ársreikningur og endurskoðun

- 6.1 Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.
- 6.2 Ársfundur kys endurskoðanda eða endurskoðunarfélag til að endurskoða ársreikning lífeyrissjóðsins. Eftirlit með starfsemi sjóðsins fer eftir ákvæðum IX. kafla laga nr. 129/1997.

4

- 6.3 Stjórnin semur ársreikning fyrir lok marsmánaðar næsta árs eftir reikningsárið. Skál ársreikningur liggja frammi á skrifstofu sjóðsins til athugunar fyrir sjóðfélaga. Ársreikningur skal einnig sendur Fjármálaeftirlitinu.
- 6.4 Ársreikningur skal gerður samkvæmt lögum og góðri reikningsskilavenju, svo og samkvæmt reglum er kunna að verða settar um ársreikning lífeyrissjóða. Endurskoðendur skulu staðfesta með áritun á ársreikninginn að reikningurinn og bókhald sjóðsins, sem hann er byggður á sé fært eftir viðurkenndum bókhaldsreglum, svo og að öll ráðstöfun á fé sjóðsins sé í samræmi við ákvæði þessara samþykktu.

7. grein. Ársfundur og aðrir sjóðfélagafundir

- 7.1 Skylt er stjórn sjóðsins að boða til ársfundar sjóðfélaga einu sinni á ári í mars eða apríl.
- 7.2 Stjórnin skal boða ársfundinn með minnst 14 daga fyrirvara með bréfi eða á annan sannanlegan hátt. Í fundarboði skal geta dagskrár. Ársfundur er löglegur sé löglega til hans boðað.
- 7.3 Á ársfundi skal stjórn Almenna lífeyrissjóðsins gefa skýrslu um störf sín á liðnu starfsári og um hag sjóðsins. Þá skulu á ársfundi kjörnir þeir trúnaðarmenn sjóðsins, sem gert er ráð fyrir í samþykktum þessum. Dagskrá ársfundar skal vera sem hér segir.
 1. Skýrsla stjórnar.
 2. Staðfesting ársreiknings liðins starfsárs og kynning á tryggingafræðilegu uppgjöri samtryggingarsjóðs.
 3. Kynning á fjárfestingarstefnu.
 4. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins, ef þær liggja fyrir sbr. 8. gr.
 5. Kosning stjórnar.
 6. Kosning endurskoðenda eða endurskoðunarfélags.
 7. Ákvörðun um laun stjórnar.
 8. Önnur mál.
- 7.4 Aðra sjóðfélagafundi skal halda þegar stjórn telur ástæðu til eða 3% sjóðfélaga krefjast þess. Slíka sjóðfélagafundi skal boða á sama hátt og ársfund.
- 7.5 Sjóðfélagafundur er lögmætur, sé löglega til hans boðað.
- 7.6 Sjóðfélagafundur hefur heimild til að breyta samþykktum sjóðsins.

8. grein. Breyting á samþykktum og atkvæðisréttur á sjóðfélagafundum

- 8.1 Tillögur til breytinga á samþykktum skulu hafa borist stjórn sjóðsins einum mánuði fyrir ársfund/sjóðfélagafund og ber að geta þeirra í fundarboði.
- 8.2 Samþykktum þessum má breyta með samþykki 2/3 greiddra atkvæða. Sjóðfélagar sem eiga inneign í séreignarsjóði hafa einir atkvæðisrétt um 3. kafla samþykktanna. Sjóðfélagar sem eiga réttindi í samtryggingarsjóði hafa einir atkvæðisrétt um 4. og 6. kafla samþykktanna. Atkvæðisréttur sjóðfélaga reiknast eftir inneign þeirra í séreignarsjóði og/eda hlutfallslegri inneign í samtryggingarsjóði (hlutfallsleg skipting eigna miðað við áfallin réttindi) miðað við næstliðin áramót. Hámarksatkvæðisréttur skal miðast við 50.000.000 kr. inneign. Fjárhæðin er verðtrygð og breytist árlega í hlutfalli við breytingar á vísitölu neysliverðs miðað við grunnvísitölu 239,0 stig í janúar 2005.
- 8.3 Ef sjóðfélagi getur ekki mætt á sjóðfélagafund vegna veikinda eða annarra lögmætra forfalla getur hann gefið öðrum umboð til að fara með atkvæðisrétt sinn. Umboðið þarf að vera skriflegt og vottfæst af tveimur vitundarvottum og bundið við tiltekinn fund.

9. grein. Fjárfestingarheimildir

- 9.1 Stjórn Almenna lífeyrissjóðsins skal móta fjárfestingarstefnu og ávaxta fé sjóðsins með hlíðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar og áhættu. Stjórnin skal ávaxta fé sjóðsins með tilliti til heimilda í VII. kafla laga um skyldutryggingu lífeyrissréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 með síðari breytingum.
- 9.2 Stjórn er óheimilt að tilnefna fulltrúa í stjórn hlutafélaga sem lífeyrissjóðurinn á hlut í og taka þátt í stjórnarkjöri nema brýn nauðsyn krefur vegna hagsmuna sjóðsins og stjórn sjóðsins samþykkir.
- 9.3 Stjórn skal útbúa sérstakar reglur um lán til sjóðfélaga.

3. kafli. Séreignarsjóður

10. grein. Séreignarsjóður

- 10.1 Sjóðfélögum er heimilt að greiða iðgjald í séreignarsjóð Almenna lífeyrissjóðsins til viðbótartryggingaverndar skv. lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrissréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.
- 10.2 Þeir sem vilja greiða iðgjald í séreignarsjóð skulu gera skriflegan samning við sjóðinn í samræmi við ákvæði laga nr. 129/1997 og reglugerð með lögnum þar um.
- 10.3 Fé það, sem lagt er inn í séreignarsjóð í nafni sjóðfélaga, skal vera séreign hans. Auk þess skal færa til eignar hjá hverjum sjóðfélaga þær tekjur sem sjóðnum áskotnast vegna eignar hans í sjóðnum, s.s. vegna vaxta, verðbóta, arðs eða gengishagnaðar.
- 10.4 Stjórn er heimilt að fenginni skriflegri beiðni einstakra sjóðfélaga að draga af inngreiddum viðbótariðgjöldum þeirra upphæð sem svarar til iðgjalds vegna líf- eða heilsutryggingar hjá viðurkenndu líftryggingarfélagi. Útborgun bóta samkvæmt tryggingunum fari eftir 11. grein laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrissréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.
- 10.5 Nettótekjur séreignarsjóðs skiptast milli sjóðfélaga í hlutfalli við eign hvers um sig og færast á sérreikning þeirra.

11. grein. Verðbréfasöfn

- 11.1 Sjóðfélagar geta valið á milli þess að ávaxta inneign sína í ~~fimm sjö~~ verðbréfasöfnum. Eigna-samsetning verðbréfasafnanna tekur mið af aldri sjóðfélaga en eignum þeirra er ráðað saman í hlutföllum sem talin eru henta fyrir mismunandi æviskeið. Verðbréfasöfnin eru:

Ævisafn I er fyrir sjóðfélaga sem vilja taka nokkra áhættu og hentar vel fyrir sjóðfélaga á aldrinum 16-44 ára.

Ævisafn II er fyrir sjóðfélaga sem vilja taka meðaláhættu og hentar vel fyrir sjóðfélaga á aldrinum 45-59 ára.

Ævisafn III er fyrir sjóðfélaga sem vilja taka litla áhættu og hentar vel fyrir þá sem eru 60 ára og eldri.

Ævisafn IV er fyrir þá sem eru byrjaðir að taka lífeyri og ganga á inneign sína.

Innlánssafn er fyrir þá sem vilja forðast verðsveiflur á inneign sinni og hentar fyrir þá sem eru byrjaðir að taka lífeyri og ganga á inneign sína.

Ríkissafn – stutt er fyrir þá sem vilja lágmarksskuldaraáhættu og vilja forðast verðsveiflur á inneign sinni. Safnið hentar fyrir þá sem eru byrjaðir að taka lífeyri og ganga á inneign sína.

Ríkissafn – langt er fyrir þá sem vilja lágmarksskuldaraáhættu, þola nokkrar sveiflur í ávöxtun og byggjast ekki ganga á inneign sína á næstu 12 mánuðum.

- 11.2 Sjóðfélagar geta valið að ávaxta inneign sína í einstökum verðbréfasöfnum eða valið **Ævileiðina** en þá flyst inneign þeirra milli verðbréfasafna eftir aldrir. Þeir sem velja þennan kost flytjast sjálfkrafa án kostnaðar úr Ævisafni I í Ævisafni II í jöfnum áföngum á þremur árum á aldrinum 45 til 48 ára og síðan úr Ævisafni II í Ævisafni III í jöfnum áföngum á þremur árum á aldrinum 57 til 60 ára. Iðgjöld sem berast eftir að flutningur milli ævisafna er hafinn greiðast í það ævisafni sem inneign flyst í. Þegar taka lífeyris hefst er inneign flutt í Ævisafni IV en sjóðfélagar verða þó að staðfesta flutninginn skriflega. Þeir sem ekki velja sér verðbréfasafni ávaxta inneign sína samkvæmt Ævileiðinni.
- 11.3 Sjóðfélagar geta hvenær sem er valið nýtt safn til að ávaxta inneign sína og flutt inneign milli ævisafna í einu lagi eða í áföngum. Beiðnir um breytingar á ávöxtunarleidd skulu vera staðfestar af sjóðfélögum með undirskrift. Ef um er að ræða flutning í einu lagi skal inneign flutt milli ævisafna tveimur virkum dögum eftir að beiðni berst þegar búið er að reikna gengi dagsins. [Sjóðfélagar geta óskað eftir flutningi á inneign sinni milli ævisafna án kostnaðar fimm sinnum en eftir það greiða þeir 0,5% af eignum fyrir flutninginn.](#)
- [Sjóðfélagar greiða 0,2% af eignum í kostnað fyrir flutning á inneign milli ávöxtunarleidda nema ef inneign er flutt úr Innlánsafninu, þá er kostnaðurinn 0,1%. Enginn kostnaður er greiddur þegar inneign flyst milli safna samkvæmt Ævileiðinni.](#)
- 11.4 Jafnframt er stjórn heimilt að gera samning við einstaka sjóðfélaga um að ávaxta inneign þeirra í sérstökum verðbréfasöfnum Almenna lífeyrissjóðsins.
- 11.5 Ákvæði 9. greinar um fjárfestingarheimildir gilda fyrir hvert og eitt verðbréfasafni.

12. grein. Útborgun inneignar

- 12.1 Inneignir sjóðfélaga greiðast þannig:
- Þegar sjóðfélagi er orðinn 60 ára og a.m.k. tvö ár eru liðin frá fyrstu innborgun í séreignarsjóðinn er heimilt að hefja útborgun lífeyrissparnaðar og vaxta. Sjóðfélagi getur tekið út inneign sína með eingreiðslu eða valið að dreifa útborgunum á lengra tímabil.
- 12.2 Þetta fyrirkomulag gildir þó ekki um skilyrta inneign í séreignarsjóði sem er hluti af lágmarksþryggingavernd samkvæmt séreignarleiddinni samkvæmt samþykktum Almenna lífeyrissjóðsins sem giltu fyrir 1. janúar 2006. Skilyrt inneign kemur til útborgunar 70 til 79 ára. Sjóðfélögum er þó heimilt að flyta töku skilyrtrar inneignar og lengja útborgunartímann þannig að inneignin greiðist frá 65 ára aldri til 79 ára aldurs.
- 12.3 Verði sjóðfélagi öryrki og orkutapið sem hann verður fyrir er 100% á hann rétt á að fá lífeyrissparnað og vexti greidda út með jöfnum árlegum greiðslum á sjö árum. Nú er örorkuprósentan lægri en 100% og lækkar þá árleg útborgun í hlutfalli við lækkun örorkuprósentunnar og úttektartíminn lengist samsvarandi.
- 12.4 Deyi sjóðfélagi áður en innstæða er að fullu greidd út fellur hún til erfingja hans og skiptist milli þeirra eftir reglum erfðalaga.
- Láti sjóðfélagi ekki eftir sig maka eða barn rennur innstæðan til dánarbús sbr. 11. grein laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.
- Um skilgreiningu á maka og börnum vísast til greinar 2.3 í samþykktum þessum.
- 12.5 Heimilt er stjórn sjóðsins að vikja frá fyrrgreindum ákvæðum um útborgun inneignar ef inneign í séreignarsjóði er undir kr. 688.761, en sú fjárhæð breytist árlega í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs miðað við grunnvísitölu 239,0 stig í janúar 2005. Í þeim tilvikum skal greiða sjóðfélaga inneignina á skemmri tíma en fram kemur í grein 12.1. eða með eingreiðslu ef sjóðfélagi óskar þess.
- 12.6 Umsókn um útborgun inneignar úr séreignarsjóði skal vera skrifleg. Lífeyrisgreiðslur úr séreignarsjóði eru að jafnaði greiddar einu sinni í mánuði, fyrsta virka dag hvers mánaðar. Ef

óskað er eftir eingreiðslu milli mánaðarlegra greiðslna skal útborgunin framkvæmd innan tveggja virkra daga eftir að beiðni berst og miðar við gengi útborgunardags.

- 12.7 Samningi er hægt að segja upp með sex mánaða fyrirvara. Samningur fellur úr gildi ef sjóðfélagi hættir störfum, sem er forsenda fyrir greiðslu hans til séreignarsjóðs Almenna lífeyrissjóðsins, nema hann óski þess að halda áfram að greiða til séreignarsjóðsins. Uppsögn sammings um séreignarsparnað eða viðbótarþryggingavernd veitir ekki rétt til útborgunar innstæðu eða réttinda.

13. grein. Skipting inneignar milli sjóðfélaga og maka

- 13.1 Á grundvelli samkomulags sjóðfélaga og maka hans getur sjóðfélagi ákveðið skipan mála skv. a–b þessarar málsgreinar. Samkomulag þetta skal eftir því sem við á ná til inneignar í séreignarsjóði og fela í sér gagnkvæma og jafna skiptingu inneignar meðan hjúskapur, sambúð eða staðfest samvist hefur staðið eða stendur.
- a) Sjóðfélagi getur ákveðið að inneign hans skuli allt að hálfu renna til að mynda sjálfstæða inneign fyrir maka hans eða fyrrverandi maka og lækkar þá inneign sjóðfélagens sem því nemur.
- b) Að iðgjald vegna sjóðfélaga í séreignarsjóði skuli allt að hálfu renna til að mynda séreignar-reikning fyrir maka hans.

14. grein. Flutningur inneignar

- 14.1 Nú gerist sjóðfélagi, sem fer úr þessum sjóði, sjóðfélagi í öðrum lífeyrissjóði, sem starfsleyfi hefur eða gerir samning við annan vörsluáðila lífeyrissparnaðar og skal stjórn sjóðsins þá greiða alla inneign sjóðfélagens til annars vörsluáðila óski sjóðfélagi eftir því.
- 14.2 Endurgreiðslufjárhæðin er inneign sjóðfélaga að frádregnum kostnaði sem nemur allt að einu prósentu af inneign viðkomandi sjóðfélaga en þó aldrei minna en 5.000 kr.
- 14.3 Beiðni um flutning á inneign til annars vörsluáðila skal vera staðfest af sjóðfélagi með undirskrift. Inneign skal flutt með eingreiðslu innan 60 daga eftir að beiðni berst en þó aldrei fyrr en eftir tvo virka daga.

15. grein. Um framsöl og veðsetningu inneignar

- 15.1 Óheimilt er að framselja eða veðsetja inneignir í sjóðnum, hvort heldur er sem heild eða hluta þeirra, svo sem einstakar útborganir.

4. kafli. Samtryggingarsjóður

16. grein. Um samtryggingarsjóðinn

- 16.1 Samtryggingarsjóður Almenna lífeyrissjóðsins hefur það markmið að taka við lágmarksíðgjöldum sjóðfélaga og tryggja þeim lágmarksþryggingavernd skv. lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Auk þess geta einstakir sjóðfélagar greitt í samtryggingarsjóðinn og áunnið sér viðbótarþryggingavernd vegna eilífeyris til æviloka, örorkulífeyris og maka- og barnalífeyris við fráfall sjóðfélaga.
- 16.2 Samtryggingarsjóði er heimilt að tryggja áhættudreifingu vegna lífeyrisskuldbindinga sinna, að hluta til eða öllu leyti, hjá váttryggingafélögum, sbr. lög um váttryggingastarfsemi. Einnig er samtryggingarsjóðnum heimilt að kaupa tiltekna tryggingavernd hjá váttryggingafélögum eða öðrum lífeyrissjóðum fyrir einstaka sjóðfélaga sína. Enn fremur er Almenna lífeyrissjóðnum heimilt að hafa samstarf við aðra lífeyrissjóði um einstaka þætti tryggingavindar.
- 16.3 Samtryggingarsjóður Almenna lífeyrissjóðsins er sjálfstæður rekstraraðili og er rekstur hans fjárhagslega aðskilinn rekstri séreignarsjóðs.

16.4. Iðgjöld samtryggingarsjóðs skulu ávöxtuð í sérstöku verðbréfasafni fyrir samtryggingarsjóðinn. Stjórn Almenna lífeyrissjóðsins skal móta fjárfestingarstefnu og ávaxta fé samtryggingarsjóðsins með hljóðsón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar og áhættu. Stjórnin skal ávaxta fé sjóðsins með tilliti til heimilda í VII. kafla laga um skyldu-tryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 með síðari breytingum.

17. grein. Fyrirkomulag og réttindi í samtryggingarsjóði

17.1. Með greiðslum í samtryggingarsjóð geta sjóðfélagar tryggt sér lágmarkstryggingavernd samkvæmt lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Á þann hátt tryggja sjóðfélagar sér lífeyrisgreiðslur frá 70 ára aldri til æviloka, örorkulífeyri við starfsorkumissi og maka- og barnalífeyri við fráfall sjóðfélaga.

17.2. Með greiðslu iðgjalds til lágmarkstryggingaverndar ávinnur sjóðfélagi sér rétt til ellilífeyris, örorkulífeyris og maka- og barnalífeyris. Lágmarkstryggingaverndin er skilgreind í greinum 19 til 21.

17.3. Viðbótartryggingavernd. Sjóðfélagar geta greitt viðbótariðgjald í samtryggingarsjóðinn og bætt við sig lágmarksréttindum og viðbótarellilífeyri. Viðbótartryggingaverndin er skilgreind í grein 22.

17.1— Samtryggingarsjóður skiptist í þrjár deildir.

- a) Eftirlaunadeild sem ávaxtar fé sjóðfélaga til að tryggja þeim ellilífeyrisgreiðslur til æviloka.
- b) Tryggingadeild til að greiða örorku-, maka- og barnalífeyri.
- c) Lífeyrisdeild sem greiðir ellilífeyri til æviloka.

Eftirlaunadeild og tryggingadeild eru fjárhagslega tengdar. Árlega skal gera tryggingafræðilega úttekt á fjárhagsstöðu tryggingadeildar og færast eignir umfram skuldbindingar yfir til eftirlaunadeildar og öfugt ef eignir er minni en skuldbindingar.

Lífeyrisdeild er fjárhagslega adskilin frá eftirlauna- og tryggingadeild. Árlega skal framkvæma tryggingafræðilega úttekt á fjárhag lífeyrisdeildar. Ef eignir vikja meira en 10% frá áætluðu verðmæti skuldbindinga skal tryggingafræðingur sjóðsins gera tillögu um breytingu á réttindum þannig að tryggingafræðileg staða verði innan 10% markanna.

17.2. Iðgjald í samtryggingarsjóð skiptist á milli eftirlaunadeildar og tryggingadeildar samkvæmt töflu 1 í kafla 6, sem sýnir hlutfall tryggingadeildarinnar af iðgjaldi í samtryggingarsjóð.

17.3. Iðgjald í eftirlaunadeild er greitt í sjóð sem er skráður á nafn viðkomandi sjóðfélaga. Þegar sjóðfélaginn hefur töku ellilífeyris er eftirlaunasjóðurinn greiddur í lífeyrisdeild sem greiðir lífeyri til æviloka. Ávallt skulu vera fyrirleggjandi upplýsingar um lífeyri sem sjóðfélagi getur átt von á þegar taka lífeyris hefst miðað við eftirlaunasjóð sjóðfélaga á hverjum tíma og almennar tryggingafræðilegar forsendur. Eftirlaunasjóður er ekki eign sjóðfélaga og erfist því ekki við fráfall.

17.4. Eftirlaunasjóður hvers sjóðfélaga breytist á eflifarandi hátt innan árs:

- Eftirlaunasjóður í byrjun árs.
- + Greidd iðgjöld.
- +/- Ávöxtun á árinu.
- +/- Hlutdeild í hagnaði/tapi tryggingadeildar
- + Hlutdeild í eftirlaunasjóði látinna sjóðfélaga
- Eftirlaunasjóður 31.12.

17.5. Eftirlaunasjóður hvers sjóðfélaga ávaxtast samkvæmt ævileidinni, sbr. grein 11.

17.6. Við fráfall sjóðfélaga er eftirlaunasjóði hans skipt á milli sjóðfélaga í eftirlaunadeild eftir aldri þeirra í árbyrjun hlutfallslega miðað við eftirlaunasjóð hvers og eins. Hlutfall hvers aldurs hóps skal reiknað sem hlutfall margfeldis dánarlíka hópsins á árinu og eftirlaunasjóðs hópsins í lok þess ársfjórðungs sem skipti fara fram. Eftirlaunasjóði látins sjóðfélaga er skipt miðað við stöðu eftirlaunasjóða síðasta dag þess ársfjórðungs sem hann lést.

17.7. Með greiðslu iðgjalds í samtryggingarsjóð ávinna sjóðfélagar sér einnig réttindi til örorku-, maka- og barnalífeyris í tryggingadeild, sbr. greinar 19. og 20.

17.8. Eignir tryggingadeildar verða ávaxtaðar í sérstöku verðbréfasafni sem stefnir að jafnri og stöðugri ávöxtun. Um fjárfestingarheimildir gilda ákvæði 9. greinar.

17.9. Tryggingafræðileg staða tryggingadeildar verður alltaf í jafnvægi með því að mismunur á eignum og áætluðum skuldbindingum verður jafnaður út einu sinni á ári með því að færa mismun á milli tryggingadeildar og eftirlaunadeildar. Reikna skal skuldbindingu vegna áunninna réttinda lifandi sjóðfélaga í tryggingadeild miðað við að allir hafi stöðu virkra sjóðfélaga. Mismunur eigna og skuldbindinga skal jafnaður með færslum í eða úr eftirlaunasjóðum sjóðfélaga í hlutfalli við hluta þeirra í þannig reiknuðum skuldbindingum tryggingadeildar.

17.10. Lífeyrisdeild greiðir ellilífeyri til æviloka. Eignir lífeyrisdeildar verða ávaxtaðar í sérstöku verðbréfasafni sem stefnir að jafnri og stöðugri ávöxtun. Um fjárfestingarheimildir gilda ákvæði 9. greinar.

18. grein. Ellilífeyrir

18.1. Sjóðfélagar geta hafið töku ellilífeyris á aldrinum 60 til 70 ára. Mánaðarlegur ellilífeyrir er greiddur frá 70 ára aldri til æviloka. Sjóðfélagi getur flýtt töku lífeyris og hafið lífeyrisgreiðslur 60 ára en þá lækkar fjárhæð mánaðarlegs ellilífeyris samanber töflu z.z.2 í 6. kafla.

Þegar taka ellilífeyris hefst er eftirlaunasjóður sjóðfélaga í eftirlaunadeild notaður til að greiða fyrir réttindi til ellilífeyris í lífeyrisdeild samkvæmt töflu 3 í 6. kafla.

Greiði sjóðfélaginn áfram iðgjöld í samtryggingarsjóðinn eftir töku ellilífeyris safnast aftur upp eftirlaunasjóður. Við 65 og eða 70 ára aldri er sá eftirlaunasjóður notaður til að greiða fyrir réttindi til ellilífeyris í lífeyrisdeild samkvæmt töflu 3 í 6. kafla og hækkar þá ellilífeyrir sjóðfélagans sem því nemur.

18.2. Ef tryggingafræðileg úttekt sýnir að eignir í eftirlaunasjóði tryggja meiri ellilífeyrisréttindi miðað við 70 ára ellilífeyrisaldur en sem nemur áunnum örorkulífeyrisréttindum í tryggingadeild er heimilt að gefa sjóðfélögum kost á að flytja umframingnina í séreignarsjóð á 3 ára fresti að fengnu áliti tryggingafræðings.

18.3. Tafla 3 er reiknuð fjórum sinnum á ári og tekur ný tafla gildi 1. janúar, apríl, júlí og september ár hvert. Sjóm sjóðsins hefur heimild til að reikna töfluna oftast ef forsendur breytast verulega að mati tryggingafræðings sjóðsins. Fjárhæðir í töflu 3 eru reiknaðar miðað við 3,5% fasta vexti, kynja- og aldursamsetningu sjóðfélaga, mismun á endurmati skuldabréfa Ávísafns III og lífeyrisdeildar og tryggingafræðingalegar forsendur á hverjum tíma og tekur mið af tryggingafræðilegri stöðu lífeyrisdeildar.

18.2. Réttindi sjóðfélaga til ellilífeyris eru reiknuð í krónum og ráðast réttindi af því iðgjaldi sem greitt er í samtryggingarsjóðinn hverju sinni. Réttindin ráðast af aldri sjóðfélaga í lok þess mánaðar sem iðgjald er greitt fyrir til samtryggingarsjóðsins sbr. töflu nr. 1 í 6. kafla samþykktanna. Réttindin eru verðtrygð og breytast í samræmi við breytingu vísitölu neysluverðs til verðtryggingar.

18.3. Ellilífeyrir er greiddur mánaðarlega fyrirfram til dauðadags samkvæmt uppsöfnuðum réttindum. Réttur til ellilífeyris fellur niður við andlát. Réttur til töku ellilífeyris er fyrst vegna fyrsta mánaðar eflir að 60 ára aldri er náð og skal síðast hefja greiðslur vegna fyrsta mánaðar eflir að 70 ára aldri er náð. Sjá töflu nr. 2 í 6. kafla samþykktanna.

~~18.4 — Ellilífeyrir er greiddur mánaðarlega. Réttur til ellilífeyris fellur niður við andlát.~~

19. grein. Örorkulífeyrir

19.1 Sjóðfélagi á rétt á örorkulífeyri ~~úr tryggingadeild~~ ef hann verður fyrir varanlegu orkutapi sem metið er 50% eða meira og hefur orðið vanhæfur til að gegna starfi sínu og orðið fyrir sannanlegri tekjuskæringu af völdum orkutapsins. Örorkulífeyrir er miðaður við áunnin lífeyrisréttindi sbr. gr. 19.3. og framreiknuð réttindi ef sjóðfélagi uppfyllir eftirfarandi skilyrði.

1. Sjóðfélagi hefur greitt til samtryggingarsjóðs Almenna lífeyrissjóðsins í a.m.k. þrjú ár á undanfarandi fjórum árum og greitt eigi minna en 41.390 kr. hvert ár. Fjárhæðin er verðtrygð og miðar við vísitölu neysluverðs í janúar 2005, gildi 239,0.
2. Sjóðfélagi hefur greitt til samtryggingarsjóðs Almenna lífeyrissjóðsins í a.m.k. sex mánuði á síðasta tólf mánaða tímabili.
3. Sjóðfélagi hefur ekki orðið fyrir orkutapi sem rekja má til ofnotkunar áfengis, lyfja eða fíkniefna.

19.2 Hafi sjóðfélagi óðlast rétt til framreiknings sem fellur niður vegna tímabundinnar fjarveru af vinnumarkaði, vegna vinnu erlendis, náms, leyfis frá störfum, barneigna eða sambærilegra ástæðna skal framreikningsréttur stofnast á nýjan leik eigi síðar en sex mánuðum frá því hann hefur aftur störf og greiðslu ígjalds til samtryggingarsjóðs Almenna lífeyrissjóðsins.

19.3 Réttindi sjóðfélaga til örorkulífeyris eru reiknuð í krónum og ráðast réttindi af því ídögjaldi sem greitt er í samtryggingarsjóðinn ár hvert. Réttindin ráðast af aldri sjóðfélaga þegar ídögjald er greitt til samtryggingarsjóðsins sbr. töflu nr. 2-1 í 6. kafla samþykktanna. Réttindin eru verðtrygð og breytast í samræmi við breytingu vísitölu neysluverðs.

Ef sjóðfélagi á rétt á framreiknuðum réttindum skal til viðbótar við áunnin réttindi reikna hvaða lífeyrisréttindi hann hefði áunnið sér með greiðslum til 65 ára aldurs sbr. töflu 2-1 í 6. kafla. Við framreikning réttinda skal reikna með meðalinnborgun næstu þriggja almanaksára áður en orkutapið átti sér stað. ~~Ef sjóðfélagi á rétt á framreikningi greiðir tryggingadeildin mánaðarlega ídögjald í eftirlaunadeild þannig að sjóðfélagi heldur áfram að byggja upp eftirlaunasjóð til að greiða ævilangan ellilífeyri frá 70 ára aldri til æviloka.~~

Fullur örorkulífeyrir er greiddur m.v. 100% örorku en lífeyrisgreiðslur eru hlutfallslegar ef orkutapið er á bilinu 50% til 100%.

19.4 Örorkulífeyrir greiðist ekki fyrstu þrjú mánuði eftir orkutap. Ekki er greiddur örorkulífeyrir ef orkutap hefur varað skemur en í sex mánuði. Verði sjóðfélagi öryrki eftir 67 ára aldur er ekki greiddur örorkulífeyrir.

19.5 Örorkulífeyrir er greiddur ef trúnaðarlæknir sjóðsins eða tryggingayfirlæknir metur læknisfræðilega örorku að minnsta kosti 50% (örorkuprósentu) og sjóðfélagi hafi orðið fyrir skerðingu launatekna sbr. grein 19.6.

19.6 Örorkumatíð skal miða við hæfi sjóðfélaga til þess að afla sér launatekna. Hundradshluta örorku skal ákvarða að fengnu upplýsingum um heilsufarssögu umsækjanda og upplýsingum um störf og launatekjur umsækjanda á síðustu þremur árum og möguleika hans á öflun launatekna á matsdegi. Telji stjórn sjóðsins þrjú síðustu ár vera sjóðfélaganum óhagstæð vegna t.d. sjúkdómsforfalla eða atvinnuleysis, er henni heimilt að leggja til grundvallar þrjú bestu árin af síðustu fimm árum.

19.7 Örorkuna skal meta eigi sjáldnar en á þriggja ára fresti eða oftar ef óskir þess efnis liggja fyrir af hálfu sjóðstjórnar eða af hálfu örorkulífeyrisþegans. Stjórn skal lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra öryrkja sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti. Sömuleiðis ber henni að hækka örorkulífeyrinn, ef örorkan vex til muna frá því sem hún var metin við fyrri ákvarðanir án eigin sakar sjóðfélaga.

Örorkumat samkvæmt 19.5 og 19.6 skal fyrstu þrjú árin miða við vanhæfni sjóðfélagsins til þess að gegna því starfi sem hann hefur gegnt. Að því tímabili loknu skal miða örorkumatíð við vanhæfni sjóðfélagsins til almennra starfa.

19.8 Örorkulífeyri skal margfalda með örorkuprósentunni. Aldrei skal örorkulífeyrir vera hærri en sem nemur þeim tekjumissis sem sjóðfélaginn hefur sannanlega orðið fyrir vegna örorkunnar. Því til sönnunar getur stjórn sjóðsins krafist vottorða frá skattstofu, vinnuveitanda o.s.frv.

Við mat á því hvort tekjuskæring hafi orðið skal úrskurða sjóðfélaganum viðmiðunartekjur, sem skulu vera meðaltal tekna sjóðfélaga síðustu þrjú almanaksár fyrir orkutapið, sbr. gr. 19.3 um framreikning. Frá úrskurðardegi skulu viðmiðunartekjurnar taka þeim breytingum sem verða á launavísitölu. Við útreikning tekjumissis skal tekið tillit til atvinnutekna örorkulífeyrisþegans, lífeyris- og bótageiðslna frá almannatryggingum og öðrum lífeyrissjóðum og kjarasamningsbundinna tryggingabóta sem hann nýtur vegna örorkunnar. Í úrskurði um lífeyri skal greina hvaða launatekjur eru lagðar til grundvallar útreikningi, svo sjóðfélagi megi vera ljóst við hvaða mörk lækku örorkulífeyris vegna tekna er miðað. Örorkulífeyrisþega er skylt að veita sjóðnum upplýsingar um tekjur sínar skv. launaframtali, sé þess óskað. Heimilt er að fresta eða fella niður greiðslur lífeyris, veiti sjóðfélagi ekki umbeðnar upplýsingar.

19.9 Heimilt er að fengnu álitu trúnaðarlæknis, að setja það skilyrði fyrir greiðslu örorkulífeyris, að sjóðfélagi fari í endurhæfingu, sem gæti leitt til betra heilsufars og hæfni til þess að afla sér launatekna í framtíðinni.

19.10 Skylt er sjóðfélagi sem sækir um örorkulífeyri úr samtryggingarsjóði eða nýtur hans að láta stjórn sjóðsins í té allar upplýsingar um heilsufar sitt sem nauðsynlegar eru til þess að dæma um rétt hans til örorkulífeyris.

19.11 Ákveðnum hluta örorkulífeyrisgreiðslna skal varið til innborgana í séreignarsjóð eða til kaupa á viðbótarellilífeyrisréttindum í samtryggingarsjóði kjósi sjóðfélaginn svo.

19.12 Örorkulífeyrir fellur niður þegar örorkan er metin minna en 50% eða þegar sjóðfélagi hættir að verða fyrir tekjumissis, sbr. gr. 19.5 og gr. 19.8, eða við ellilífeyrisaldur sjóðfélagsins. Við ellilífeyrisaldur skal endurmeta áunnin lífeyrisréttindi sjóðfélagsins þannig að við áunnin lífeyrisréttindi við áður úrskurðuð örorkulífeyrisréttindi bætast framreiknuð réttindi reiknuð hlutfallslega að miðað við örorkumat, sbr. gr. 19.5, að teknu tilliti til tekna, sbr. gr. 19.8.

~~Þegar sjóðfélagi nær 70 ára aldri fellur örorkulífeyrir niður en í staðinn skal hann nota eftirlaunasjóð í eftirlaunadeild til að greiða fyrir ellilífeyrisréttindi í lífeyrisdeild.~~

20. grein. Maka- og barnalífeyrir

- 20.1 Við andlát sjóðfélaga er greiddur makalífeyrir ~~úr tryggingadeild~~ til eftirlifandi maka.
- 20.2 Fullur makalífeyrir er greiddur til maka látins sjóðfélaga í minnst tvö ár og síðan helmingur makalífeyris í eitt ár þar á eftir. Fullur makalífeyrir er greiddur lengur ef einu af eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:
1. Yngsta barn sem maki hefur á framfæri sínu, sem sjóðfélagi hafði áður á framfæri sínu, er yngra en 20 ára.
 2. Makinn er a.m.k. 50% öryrki og yngri en 67 ára.
- 20.3 Fullur makalífeyrir er 50% af áunnum og framreiknuðum örorkulífeyri sjóðfélaga við andlátíð m.v. 100% örorku.
- 20.4 Andist sjóðfélagi sem greitt hefur iðgjöld til samtryggingarsjóðs í a.m.k. 24 mánuði á undanfarandi 36 mánuðum eða notið elli- og örorkulífeyris við andlátíð eða öðlast rétt til framreiknings samkvæmt grein 19.1. skulu börn hans skv. grein 2.3. sem yngri eru en 20 ára eiga rétt á lífeyri til 20 ára aldurs. Sama rétt til lífeyris öðlast börn örorkulífeyrisþega sem öðlast hefur rétt til framreiknings samkvæmt grein 19.1. ef börnin eru fædd eða ættleidd fyrir orkutap og allt að 12 mánuðum eftir orkutapið. Ef örorka er metin lægri en 100% skal barnalífeyrir vera hlutfallslega lægri.
- Veiti fráfall eða örorka sjóðfélagens börnunum jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum lífeyrissjóði skal lífeyrir úr þessum sjóði þá bundinn því skilyrði að sjóðfélaginn hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs.
- 20.5 Fullur barnalífeyrir skal vera að lágmarki 18.464 kr. á mánuði með hverju barni örorkulífeyrisþega eða hverju barni látins sjóðfélaga. Eigi barn látins sjóðfélaga hvorki foreldri né kjörforeldri á lífi verður greiddur tvöfaldur barnalífeyrir með hverju barni. Fjárhæðir þessar skulu breytast árlega í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs miðað við grunnvísitölu 239,0 stig í janúar 2005.

21. grein. Viðbótartryggingavernd

- 21.1 Sjóðfélagar geta hækkað iðgjald til samtryggingarsjóðs Almenna lífeyrissjóðsins og bætt við sig eftirfarandi lífeyrisréttindum.
1. Viðbót við lágmarkstryggingavernd.
 2. Viðbótarellilífeyri.
- Óski sjóðfélagi eftir að greiða viðbótariðgjald til samtryggingarsjóðsins skal gerður skriflegur samningur við sjóðfélagann um hversu hátt hlutfall af iðgjaldsstofni viðbótariðgjaldið skuli vera, gildistíma og ráðstöfun þess sbr. gr. 21.2 og 21.3. Hámarksíðgjald í samtryggingarsjóðinn er 15%. Stjórn sjóðsins er þó heimilt að hafna eða takmarka viðtöku iðgjalds umfram 10% af iðgjaldsstofni ef telja verður að skuldbindingar sjóðsins vegna sjóðfélagens myndu aukast verulega umfram verðmæti iðgjalda enda skal slík ákvörðun vera rökstudd með skriflegu álit tryggingafræðings sjóðsins.
- 21.2 Sjóðfélagar geta óskað eftir því að viðbótariðgjaldi verði varið til að bæta við sig lágmarkstryggingavernd sbr. greinar 18 til 20. Ef réttur til framreiknings, sbr. gr. 19.3 og 20.4, myndast við úrskurð lífeyris skal þó takmarka iðgjaldið sem lagt er til grundvallar framreikningnum við hlutfallslega (af iðgjaldsstofni) lægsta iðgjald sem greitt hefur verið til sjóðsins síðustu 3 almanaksárin fyrir úrskurð lífeyris. Þó skal aldrei miða hlutfallslega við lægra iðgjald en tilgreint er hverju sinni í grein 4.1.
- 21.3 Sjóðfélagar geta notað inneign í séreignarsjóði eða hluta hennar til að bæta við sig ellilífeyrisréttindum til æviloka og reiknast réttindi þá samkvæmt töflu 43.

13

22. grein. Um skiptingu réttinda á milli sjóðfélaga og maka

- 22.1 Sjóðfélagi getur ákveðið að skipta lífeyrisréttindum á milli sín og maka síns í samræmi við 14. grein laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.
1. Áður en taka lífeyris hefst en þó eigi síðar en fyrir 65 ára aldur og ef sjúkdómur eða heilsufar draga ekki úr lífslíkum, að verðmæti uppsafnaðra ellilífeyrisréttinda hans skuli allt að hálfu renna til að mynda sjálfstæð ellilífeyrisréttindi fyrir maka hans eða fyrrverandi maka og skerðast þá réttindi sjóðfélagens sem því nemur. Heildarskuldbinding lífeyrissjóðsins skal ekki aukast við þessa ákvörðun sjóðfélagens og skal farið eftir töflum frá Félagi íslenskra tryggingastærðfræðinga við skiptingu réttinda og tekið tillit til aldurs maka.
 2. Að iðgjald vegna hans sem gengur til að mynda ellilífeyrisréttindi skuli allt að hálfu renna til þess að mynda sjálfstæð réttindi fyrir maka hans. Við ráðstöfun iðgjalds til lágmarkstryggingaverndar og viðbótartryggingaverndar skal litið svo á að iðgjaldsstofni sjóðfélagens hafi verið skipt milli hans og makans eins og iðgjaldinu.

23. grein. Tilhögun lífeyrisgreiðslna úr samtryggingarsjóði

- 23.1 Umsókn um lífeyri skal vera skrifleg. Lífeyrir greiðist að jafnaði mánaðarlega. Lífeyrir greiðist lífeyrisþeganum eða þeim, sem hann veitir til þess skriflegt umboð.
- 23.2 Lífeyrir skal fyrst greiddur fyrir næsta mánuð eftir að réttur til hans stofnast, og síðast fyrir þann mánuð, sem réttur til hans fellur úr gildi. Ellilífeyrir er greiddur eftir að umsókn berst til sjóðsins og greiðist ekki aftur í tímann. Hafi ekki borist umsókn um ellilífeyri við 70 ára aldur sjóðfélaga skal hefja greiðslur ellilífeyris án umsóknar. Við fráfall ellilífeyrisþega hefjast makalífeyrisgreiðslur í næsta mánuði eftir að ellilífeyrisgreiðslum lýkur. Lífeyrir skal greiddur fyrir þann mánuð, sem réttur til hans stofnast, og fyrir þann mánuð, sem réttur til hans fellur úr gildi. Ellilífeyrir er greiddur eftir að umsókn berst til sjóðsins og greiðist ekki aftur í tímann. Hafi ekki borist umsókn um ellilífeyri við 70 ára aldur sjóðfélaga skal hefja greiðslur ellilífeyris án umsóknar. Við fráfall ellilífeyrisþega hefjast makalífeyrisgreiðslur í næsta mánuði eftir að ellilífeyrisgreiðslum lýkur.
- 23.3 Sjóðfélagi getur ákveðið að ellilífeyrisgreiðslur hans, allt að hálfu, renni til maka hans eða fyrrverandi maka og skal þá skipta greiðslum í samræmi við ákvörðun sjóðfélagens, en þær falla niður við andlát hans. Deyi makinn eða fyrrverandi maki sem nýtur slíkra greiðslna hins vegar á undan sjóðfélaganum, skulu greiðslurnar allar renna til sjóðfélagens.
- 23.4 Stjórn er ekki skylt að greiða örorkulífeyri lengra aftur í tímann en tvö ár, reiknað frá byrjun þess mánaðar, er umsókn barst sjóðnum.
- 23.5 Ef lífeyrisréttindi ná ekki 5.000 krónum á mánuði er stjórn sjóðsins heimilt að greiða réttindin sem eingreiðslu í samræmi við tillögur tryggingafræðings. Upphæðin breytist árlega í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs miðað við grunnvísitölu 239,0 stig í janúar 2005. Við eingreiðslu lífeyrisréttinda falla makalífeyrisréttindi niður.
- 23.6 Lífeyrisgreiðslur samkvæmt greinum 18.–21. og grein 25 eru verðtryggðar og breytast til samræmis við breytingu á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar.
- Lífeyrisgreiðslur samkvæmt greinum 18.–210. og grein 25 eru verðtryggðar og breytast til samræmis við breytingu á vísitölu neysluverðs.
- ## 24. grein. Tryggingafræðileg athugun
- 24.1 Árlega skal stjórn samtryggingarsjóðs fá óháðan tryggingafræðing til þess að reikna fjárhag samtryggingarsjóðsins og semja skýrslu um athugunina í samræmi við ákvæði 39. og 24. gr. laga nr. 129/1997. Síni uppgjörið hagnað skal honum varið til hækkinga á lífeyrisréttindum sjóðfélaganna eftir tillögum tryggingafræðingsins og samkvæmt heimildum í 39. grein laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 á þann hátt sem lýst er í 17. og 18. grein. Síni uppgjörið halla ber að lækka lífeyrisréttindin. Síni uppgjörið halla ber að lækka lífeyrisréttindin. Síni uppgjörið halla ber að lækka lífeyrisréttindin. Síni uppgjörið halla ber að lækka lífeyrisréttindin. Síni tryggingafræðilegt uppgjör að iðgjald til lágmarkstryggingaverndar

14

sem tilgreint er í grein 4.1 nægi ekki til að veita lágmarkstryggingavernd skv. lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 skal stjórn leggja tillögu um breytingu á lágmarksiðgjaldi og réttindatöflum fyrir ársfund eftir tillögu tryggingafræðings.

25. grein. Flutt réttindi

- 25.1 Sjóðfélagar sem átta réttindi í Lífeyrissjóði arkitekta 30. júní 1998 eiga flutt réttindi í samtryggingarsjóði:

Ellilífeyrisréttindi frá 65 ára aldri sem svara til áunninna ellilífeyrisréttinda frá 65 ára aldri í Lífeyrissjóði arkitekta.

Örorkulífeyrisréttindi til 65 ára aldurs sem svara til áunninna örorkuréttinda í Lífeyrissjóði arkitekta.

Fjölskyldulífeyrisréttindi við fráfall sjóðfélaga fyrir 65 ára aldur sem tryggja eftirlifandi maka eingreiðslu sem jafngildir því að fá áunnin eftirlaunaréttindi m.v. 65 ára aldur greidd í tvö ár.

- 25.2 Sjóðfélagar sem átta örorkuréttindi í Lífeyrissjóði Tæknifræðingafélags Íslands 30. júní 1998 og greiddu fyrir þau af séreign sinni við stofnun Lífeyrissjóðs arkitekta og tæknifræðinga fluttu sambærileg örorkuréttindi til 65 ára aldurs í tryggingadeild Lífeyrissjóðs arkitekta og tæknifræðinga og eiga flutt örorkuréttindi. Flutt örorkuréttindi úr Lífeyrissjóði Tæknifræðingafélags Íslands féllu niður 30.6.2003 nema sjóðfélagar hafi valið að breyta þeim í geymd örorkuréttindi til 65 ára aldurs.

- 25.3 Flutt réttindi skv. greinum 25.1 og 25.2 eru verðtrygð og breytast með vísitölu neysluverðs, grunnvísitala í júlí 1998 gildi 184,0. Sömu skilyrði og koma fram í greinum 18 til 21 gilda um flutt réttindi.

- 25.4 Sjóðfélagar sem átta réttindi í Lífeyrissjóði lækna 31. desember 2005 eiga flutt réttindi í samtryggingarsjóði:

Ellilífeyrisréttindi frá 67 ára aldri sem svara til áunninna ellilífeyrisréttinda frá 67 ára aldri í Lífeyrissjóði lækna.

Örorkulífeyrisréttindi til 67 ára aldurs sem svara til áunninna örorkuréttinda í Lífeyrissjóði lækna.

Makalífeyrisréttindi við fráfall sjóðfélaga sem tryggja eftirlifandi maka ævilangan lífeyri sem nemur 60% af áunnum elli- og örorkulífeyrisréttindum í Lífeyrissjóði lækna. Réttur til makalífeyris fellur niður ef makinn gengur í hjónaband á ný, stofnar til sambúðar sem jafna má til hjúskapar eða stofnar til staðfestrar samvistar.

Við fráfall sjóðfélaga sem á ævilöng makalífeyrisréttindi skal úrskurda eftirlifandi maka makalífeyri úr tryggingadeild til 67 ára aldurs og greiða í eftirlaunadeild fjárhæð sem myndar eftirlaunasjóð fyrir makann til að greiða sambærilegar lífeyrisgreiðslur úr lífeyrisdeild frá 67 ára aldri og skal tryggingafræðingur sjóðsins reikna fjárhæðina. Ef makinn er orðinn 67 ára greiðist ellilífeyrir úr lífeyrisdeild sem er sama fjárhæð og áunnin makalífeyrir við fráfall.

- 25.5 Við breytingu á samþykktum 1. janúar 2006 voru áunnin réttindi í Almenna lífeyrissjóðnum, flutt réttindi úr Lífeyrissjóði arkitekta og tæknifræðinga og flutt réttindi úr Lífeyrissjóði lækna flutt í deildaskiptan samtryggingarsjóð sem hér segir.

~~Verðmæti áunninna ellilífeyrisréttinda eru flutt í eftirlaunadeild sem eftirlaunasjóður hjá sjóðfélögum. Eftirlaunasjóður við upphaf deildaskiptingar samtryggingarsjóðs veitir sjóðfélögum sama ellilífeyrisrétt og fluttur var.~~

~~Áunnin réttindi til örorku, maka- og barnalífeyris eru flutt í tryggingadeild.~~

Sjóðfélagar í Lífeyrissjóði lækna geta óskað eftir því fyrir 25. janúar 2006 að allt að 20% af eftirlaunaréttindum verði varið til

1. að tryggja maka fjölskyldulífeyri (eingreiðslu) ef sjóðfélagi fellur frá fyrir 67 ára aldur. Fjárhæð fjölskyldulífeyris er reiknuð af tryggingafræðingi og lækkar með aldrinum

15

samkvæmt reglum sem lýst er hér á eftir. Lífeyrissjóðurinn skal árlega senda sjóðfélögum sem velja að tryggja maka fjölskyldulífeyri upplýsingar um fjárhæð fjölskyldulífeyris á því ári.

Við fráfall sjóðfélaga getur maki valið um þrjár leiðir um útborgun fjölskyldulífeyris:

- a) Maki getur fengið fjölskyldulífeyrinn greiddan út sem eingreiðslu.
- b) Maki getur lagt fjölskyldulífeyrinn í séreignarsjóð og tekið síðan út inneignina samkvæmt þeim reglum sem þar gilda.
- c) Maki getur greitt fjölskyldulífeyrinn í samtryggingarsjóð og tryggt sér þannig lífeyrisgreiðslur til æviloka samkvæmt töflu 4-3 í 6. kafla.

Fjárhæð fjölskyldulífeyris er reiknuð af tryggingafræðingi samkvæmt eftirfarandi reglum:

- Hámarksfjárhæð í upphafi er 30 fíld íðgjöld til samtryggingar sem greidd voru til sjóðsins árið 2005 fyrir sjóðfélaga sem eru 40 ára og yngri. Margfeldið lækkar um 2 fyrir hvert ár umfram 40 til og með 45 ára aldurs og síðan um 1 eftir það.
- Fjárhæð fjölskyldulífeyris í upphafi getur þó ekki orðið hærrí en svo að verðmæti fjölskyldulífeyris sé 20% af verðmæti áunnins ellilífeyrisréttar í lok árs 2005 samkvæmt útreikningi tryggingafræðings.
- Tryggingartími er til 50 ára aldurs að viðbættum fjórðungi aldurs sjóðfélaga í upphafi tryggingar þó að hámarki til 67 ára aldurs.
- Fjölskyldulífeyrir lækkar síðan í upphafi hvers almanaksárs um sama hlutfall og tími til loka fjölskyldulífeyris stytst á undangengnu ári.

2. að mynda inneign fyrir sjóðfélaga í séreignarsjóði.

- 25.6 Við breytingu á samþykktum 1. janúar 2006 var felld niður heimild fyrir sjóðfélaga til að afla hluta af lágmarkstryggingavernd í séreignarsjóði samkvæmt séreignarleið. Samkvæmt henni var miðað við að séreignarsjóður greiddi sambærilegar lífeyrisgreiðslur á aldrinum 70-79 ára og áunnin lágmarksellilífeyrisréttindi í samtryggingarsjóði frá 80 ára aldri. Við þessa breytingu voru ellilífeyrisréttindi frá 80 ára aldri, hjá sjóðfélögum sem höfðu valið séreignarleiðina, umreiknuð yfir í eftirlaunasjóð og flutt í eftirlaunadeild.

16

25.7 Sjóðfélagar sem átta réttindi í Eftirlaunasjóði starfsmanna Glitnis banka hf. 31. desember 2009 eiga flutt réttindi í samtryggingarsjóði samanber 13. grein samþykktar þess sjóðs. Útreikningar sem vísað er til miðast við 01.01.2010 og tryggingafræðilegar forsendur við ársuppgjör Almenna lífeyrissjóðsins 2009 og hjúskaparstöðu sjóðfélaga Eftirlaunasjóðs starfsmanna Glitnis banka hf. við sameininguna.

1. Sjóðfélagar sem ekki hafa byrjað töku ellilífeyris fá ellilífeyrisréttindi miðað við 70 ára aldur sem með flýtingu töku ellilífeyris til 67 ára aldurs samkvæmt töflu 2 í kafla 6 veitir þann rétt sem þeir höfðu fengið úr Eftirlaunasjóði starfsmanna Glitnis banka hf. frá 67 ára aldri. Auk þess fá sjóðfélagar, sem eru yngri en 67 ára 31. desember 2009, greiðslu í séreign sem svarar til núvörðis mismunar ellilífeyrisréttinda þeirra frá eftirlaunaldri Eftirlaunasjóðs starfsmanna Glitnis banka hf. til 67 ára aldurs og ellilífeyrisréttinda þeirra frá 67 ára aldri.
2. Ellilífeyrisþegar fá sömu ellilífeyrisréttindi og þeir höfðu í Eftirlaunasjóði starfsmanna Glitnis banka hf. miðað við 67 ára aldur. Ellilífeyrisþegar, sem eru yngri en 67 ára 31. desember 2009, fá auk þess greiðslu í séreignarsjóð sem svarar til núvörðis mismunar ellilífeyrisréttinda þeirra í Eftirlaunasjóði starfsmanna Glitnis banka hf. til 67 ára aldurs og ellilífeyrisréttinda þeirra frá 67 ára aldri.
3. Örorkulífeyrisréttindi flytjast hjá þeim sem þegar fá greiddan örorkulífeyri frá Eftirlaunasjóði starfsmanna Glitnis banka hf. í desember 2009. Örorkulífeyrisþegar fá sömu örorkuréttindi til 65 ára aldurs í og þeir höfðu í Eftirlaunasjóði starfsmanna Glitnis banka hf. Örorkulífeyrisréttindi eru verðtrygð og breytast mánaðarlega í takt við breytingu á vísitölu neysluverðs. Örorkuréttindi hjá Eftirlaunasjóði starfsmanna Glitnis banka hf. fyrir þá sjóðfélaga sem höfðu áunnið sér réttindi hjá Útvegsbanka Íslands flytjast í samtryggingardeild.

[4. Makalífeyrisréttindi við fráfall sjóðfélaga sem tryggja eftirlifandi maka ævilangan lífeyri sem svarar til áunninna makalífeyrisréttinda í Eftirlaunajóði starfsmanna Glitnis banka hf. Flytjast í samtryggingarsjóð Almenna lífeyrissjóðsins. Réttindi til ævilangs maka-lífeyrisréttar skulu reiknuð þannig að skuldbinding vegna þess réttar 31.12.2009 skuli reiknast jöfn og skuldbinding vegna makalífeyrisréttar í Eftirlaunajóði starfsmanna Glitnis banka hf. sem ákveðinn er samkvæmt grein 13.2 í samþykktum þess sjóðs. Réttur til makalífeyris fellur niður ef makinn gengur í hjónaband að nýju samanber 6. grein samþykktar Eftirlaunajóðs starfsmanna Glitnis banka hf.](#)

[25.8 Eftir að flutningur réttinda sjóðfélaga Eftirlaunajóðs starfsmanna Glitnis banka hf. og samsvarandi eigna í samtryggingardeild og séreignardeild hefur verið ákveðinn samkvæmt 25.7 skulu réttindi sem flutt eru til samtryggingar úr Eftirlaunajóði starfsmanna Glitnis banka hf. hækkuð eða lækkuð þannig að tryggingafræðileg staða Almenna lífeyrissjóðsins 01.01.2010 breytist ekki við flutninginn.](#)

[Sjóðfélagar í Eftirlaunajóði starfsmanna Glitnis banka hf. sem rétt eiga til ellilífeyris 25.7 geta óskað eftir því fyrir 31.13.2010 að allt að 20% af því framlagi verði varið til að mynda inneign fyrir sjóðfélaga í séreignarsjóði.](#)

[Verðmæti ellilífeyrisréttinda í grein 25.7 skal reiknað út frá kynjahlutfalli þannig að hlutfall karla verði hlutfall samtals verðmætis fluttra ellilífeyrisréttinda karla af samtals verðmæti allra fluttra ellilífeyrisréttinda.](#)

5. kafli. Ýmis ákvæði

26. grein. Upplýsingaskylda

26.1 Stjórn er skylt að upplýsa sjóðfélaga um inneign þeirra í séreignarsjóði, áunnin réttindi þeirra í samtryggingarsjóði og inneign og réttindi miðað við áframhaldandi greiðslur með því að senda yfirlit a.m.k. tvisvar á ári. Jafnframt skulu fylgja með yfirlitum upplýsingar um breytingar á samþykktum, rekstur, fjárhagsstöðu og eignir Almenna lífeyrissjóðsins. Ef lífeyrissjóðurinn getur tryggt sjóðfélögum aðgang að ofangreindum upplýsingum á læstu vefsvæði í gegnum notendanafn og lykilorð má sjóðfélagi afþakka heimsend yfirlit.

27. grein. Flutningur réttinda til annarra lífeyrissjóða

27.1 Heimilt er stjórn að flytja réttindi einstakra sjóðfélaga sem þess óska úr samtryggingarsjóði yfir til annars löglegs lífeyrissjóðs þegar að töku lífeyris kemur. Ennfremur er heimilt að endurgreiða iðgjöld til erlendra ríkisborgara þegar þeir flytjast úr landi enda sé slíkt ekki óheimilt samkvæmt milliríkjasamningi sem Ísland er aðili að. Flutt réttindi skulu miðast við niðurstöðu síðasta tryggingaruppgjör sjóðsins þannig að flutningur réttinda sé gerður á tryggingafræðilega réttum forsendum.

28. grein. Gerðardómur

28.1 Vilji sjóðfélagi ekki una úrskurði sjóðstjórnar í máli er hann hefur skotið til hennar getur hann vísað því til gerðardóms sem skipaður skal þremur mönnum, einum tilnefndum af viðkomandi sjóðfélagi, einum tilnefndum af Almenna lífeyrissjóðnum og oddamanni tilnefndum af Fjármálaeftirlitinu. Úrskurður gerðardóms er bindandi fyrir báða aðila. Málskostnaði skal skipt milli málsaðila eftir mati dómsins, en þó skal sjóðfélagi ekki greiða meira en sem nemur einum þriðja hluta málskostnaðar. Um málsmeðferð fyrir gerðardómnum fer samkvæmt lögum um samningsbundna gerðardóma.

29. grein. Daglegur rekstur

- 29.1 Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur sjóðsins og fer í því efni eftir ákvæðum laga og samþykktar sjóðsins og þeirri stefnu og fyrirmælum, sem stjórn sjóðsins hefur gefið. Framkvæmdastjóri ræður starfsmenn til sjóðsins.
- 29.2 Ákvarðanir sem eru óvenjulegar eða mikilsháttar skal framkvæmdastjóri aðeins taka á grundvelli sérstakrar ákvörðunar stjórnar eða samkvæmt áætlun sem samþykkt hefur verið af stjórninni. Sé ekki unnt að bera meiriháttar ákvarðanir undir stjórnarfund skal haft samráð við formann og varaformann stjórnar og aðra stjórnarmenn eftir fongum. Slíkar ákvarðanir skal síðan taka fyrir á næsta stjórnarfund.
- 29.3 Allar meiriháttar breytingar á skipulagi sjóðsins, innra eftirliti, bókhaldi og reikningsskilum, skal framkvæmdastjóri aðeins gera að höfðu samráði við stjórn, og að fengnu samþykki hennar.
- 29.4 Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á að bókhald sjóðsins sé fært í samræmi við lög og viðurkenndar venjur. Honum ber einnig að fylgja þeirri fjárfestingarstefnu og þeim útlánareglum sem stjórnin setur. Á reglubundnum stjórnarfundum skal framkvæmdastjóri leggja fram yfirlit um fjárfestingar, rekstur og efnahag sjóðsins. Framkvæmdastjóri skal veita stjórn og endurskoðendum allar þær upplýsingar um hag og starfsemi sjóðsins sem þeir óska.

Bráðabirgðaákvæði við breytingu á samþykktum 26. apríl 2007

Í framhaldi af tryggingafræðilegri athugun á fjárhag lífeyrisdeildar miðað við 31.12.2006 og með vísan í grein 17.1 í samþykktum sjóðsins skulu réttindi í lífeyrisdeild hækkuð hlutfallslega um 4,0% miðað við áunnin réttindi 31.12.2006. Áunnin og flutt lífeyrisréttindi í tryggingadeild skulu hækka um sama hlutfall.

Bráðabirgðaákvæði við breytingu á samþykktum 29. janúar 2009

Lífeyrisdeild er heimilt að hafa 15% mun á milli eigna og áætlaðra skuldbindinga vegna tryggingafræðilegrar athugunar í árslok 2008 án þess að breyta réttindum.

Bráðabirgðaákvæði við breytingu á samþykktum 10. mars 2009

Í framhaldi af tryggingafræðilegri athugun á fjárhag lífeyrisdeildar miðað við 31.12.2008 og með vísan í grein 17.1 í samþykktum sjóðsins skulu réttindi í lífeyrisdeild lækkuð hlutfallslega um 10% frá og með 1. apríl 2008.

Bráðabirgðaákvæði við breytingu á samþykktum 28. september 2009

[Deildir samtryggingarsjóðs Almenna lífeyrissjóðsins \(eftirlaunadeild, tryggingadeild og lífeyrisdeild\) sameinast 31. desember 2009 í eina deild sem greiðir lífeyri samkvæmt 4. kafla samþykktar sjóðsins. Réttindi sjóðfélaga í sameinuðum samtryggingarsjóði verða eftirfarandi:](#)

1. [Ellilífeyrisréttindi sjóðfélaga í samtryggingarsjóði vegna iðgjalda á tímabilinu 1.1. 2006 til 31.12.2009 verða endurreiknuð samkvæmt réttindatöflu örorku vegna elli- og örorkuréttinda á hverjum tíma.](#)
2. [Eftirlaunajóðir 1. janúar 2006 í eftirlaunadeild breytast í ævilöng ellilífeyrisréttindi frá 70 ára aldri](#)
3. [Endurreiknuð og áunnin ellilífeyrisréttindi 31.12.2009 lækka um 10%.](#)
4. [Áunnin tryggingaréttindi 1. janúar 2006 eru flutt örorku-, maka- og fjölskyldulífeyrisréttindi \(þar með talin sérstök líftrygging lækna\) ásamt eftirlaunajóðum í eftirlaunadeild sem eru skráðir á nafn sjóðfélaga. Áunnin tryggingaréttindi lækka um 10% en breytast að öðru leyti ekki. Barnalífeyrisréttindi breytast ekki.](#)
5. [Réttindi ellilífeyrisþega sem hafa hafið töku ellilífeyris á tímabilinu frá 1. janúar 2006 til 31.12.2009 verða endurreiknuð samkvæmt liðum 1 og 2 og leiðrétt ef endurreiknuð réttindi reynast hærri heldur en áður úrskurðaður lífeyrir.](#)

6. [Lifeyrisréttindum í árslok 2009 verður síðan breytt hlutfallslega jafnt á ársfundi á árinu 2010 þannig að staða samtryggingarsjóðs verði í jafnvægi í árslok 2009 samkvæmt niðurstöðu tryggingafræðilegrar athugunar miðað við 31. desember 2009.](#)

Breytingar á samþykktum þessum voru samþykktar á [ársfundi sjóðfélagafundi 4028. mars-september 2009](#) og taka gildi um leið og fjármálaráðuneytið hefur staðfest samþykktimar. [Breytingar á ákvæðum 16.4.–17.1 til 17.10, 18.1 til 18.4, 19.1, 19.3, 19.12, 20.1, 21.3, 24.1, 25.4, 25.5 og bráðabirgðaákvæði 28. september 2009 taka gildi 31. desember 2009 en þangað til gilda ákvæðin eins og þau eru í samþykktum sjóðsins sem voru samþykktar á ársfundi sjóðsins 10. mars 2009.](#)

6. kafli. Iðgjaldatöflur

Tafla 1. Hlutfall iðgjalds í samtryggingarsjóð sem greiðist í tryggingadeild

Aldur	Iðgjald	Aldur	Iðgjald	Aldur	Iðgjald	Aldur	Iðgjald	Aldur	Iðgjald	Aldur	Iðgjald
16	37,99%	26	41,00%	36	39,15%	46	33,25%	56	26,71%	66	16,10%
17	38,03%	27	41,07%	37	38,60%	47	32,59%	57	25,94%	67	14,76%
18	38,18%	28	41,08%	38	38,09%	48	31,87%	58	25,13%	68	13,45%
19	38,70%	29	41,05%	39	37,56%	49	31,28%	59	24,13%	69	12,18%
20	39,24%	30	40,95%	40	36,96%	50	30,67%	60	23,20%		
21	39,67%	31	40,78%	41	36,37%	51	30,05%	61	22,19%		
22	40,08%	32	40,58%	42	35,74%	52	29,42%	62	21,11%		
23	40,41%	33	40,30%	43	35,10%	53	28,77%	63	19,93%		
24	40,68%	34	39,96%	44	34,50%	54	28,14%	64	18,72%		
25	40,88%	35	39,57%	45	33,86%	55	27,44%	65	17,39%		

Tafla 2. Árlegur örorkulífeyrir fyrir hvert 10.000 króna iðgjald í tryggingadeild

Aldur	Réttindi	Aldur	Réttindi	Aldur	Réttindi	Aldur	Réttindi	Aldur	Réttindi	Aldur	Réttindi
16	4.438	26	2.978	36	2.163	46	1.664	56	1.263	66	955
17	4.283	27	2.872	37	2.107	47	1.621	57	1.228	67	926
18	4.126	28	2.773	38	2.051	48	1.580	58	1.194	68	896
19	3.951	29	2.679	39	1.997	49	1.537	59	1.163	69	865
20	3.782	30	2.591	40	1.946	50	1.495	60	1.131		
21	3.626	31	2.509	41	1.896	51	1.454	61	1.100		
22	3.478	32	2.431	42	1.848	52	1.414	62	1.070		
23	3.340	33	2.358	43	1.801	53	1.375	63	1.041		
24	3.211	34	2.290	44	1.754	54	1.336	64	1.012		
25	3.090	35	2.225	45	1.709	55	1.299	65	984		

Tafla 3. Árlegar lífeyrisgreiðslur til æviloka fyrir 1 milljón krónur úr eftirlaunajóði

Aldur	KARLAR og KONUR	
	Elliðifeyrir/ári	
60	75.479	
61	77.739	
62	80.198	
63	82.324	
64	84.439	
65	87.490	
66	90.740	
67	93.532	
68	97.037	
69	99.905	
70	103.264	

Gildir frá 1. apríl 2009.

Tafla 4. Iðgjaldtafla fyrir viðbótarelliðifeyri

Árlegar lífeyrisgreiðslur úr lífeyrisdeild fyrir 1 milljón krónur úr séreignarsjóði

Aldur	KARLAR	KONUR
	Elliðifeyrir/ári	Elliðifeyrir/ári
60	72.370	66.057
61	74.394	67.650
62	76.562	69.354
63	78.887	71.178
64	81.382	73.131
65	84.061	75.227
66	86.941	77.478
67	90.041	79.899
68	93.380	82.506
69	96.980	85.316
70	100.865	88.350

Gildir frá 1. apríl 2009.

21

6. kafli. Iðgjaldatöflur

Tafla 1

Lífeyrisréttindi í samtryggingarsjóði

Árlegur lífeyrir fyrir hvert 10.000 króna iðgjald í tryggingadeild

Aldur	Réttindi	Aldur	Réttindi	Aldur	Réttindi	Aldur	Réttindi	Aldur	Réttindi	Aldur	Réttindi
16	4.438	26	2.978	36	2.163	46	1.664	56	1.263	66	955
17	4.283	27	2.872	37	2.107	47	1.621	57	1.228	67	926
18	4.126	28	2.773	38	2.051	48	1.580	58	1.194	68	896
19	3.951	29	2.679	39	1.997	49	1.537	59	1.163	69	865
20	3.782	30	2.591	40	1.946	50	1.495	60	1.131		
21	3.626	31	2.509	41	1.896	51	1.454	61	1.100		
22	3.478	32	2.431	42	1.848	52	1.414	62	1.070		
23	3.340	33	2.358	43	1.801	53	1.375	63	1.041		
24	3.211	34	2.290	44	1.754	54	1.336	64	1.012		
25	3.090	35	2.225	45	1.709	55	1.299	65	984		

Tafla 2

Lækkun elliðifeyris þegar taka hefst fyrir 70 ára aldur

Taka elliðifeyris hefst	Lækkun fyrir hvern mánuð	Aldur	Samtals lækkun
69-70 ára	0,79%	69	9,48%
68-69 ára	0,69%	68	17,76%
67-68 ára	0,61%	67	25,08%
66-67 ára	0,55%	66	31,68%
65-66 ára	0,49%	65	37,56%
64-65 ára	0,44%	64	42,84%
63-64 ára	0,39%	63	47,52%
62-63 ára	0,36%	62	51,84%
61-62 ára	0,32%	61	55,68%
60-61 ára	0,29%	60	59,16%

Tafla 3

Iðgjaldtafla fyrir viðbótarelliðifeyri

Árlegar lífeyrisgreiðslur úr lífeyrisdeild fyrir 1 milljón krónur úr séreignarsjóði

Aldur	Karlur		Konur	
	Elliðifeyrir/ári	Elliðifeyrir/ári	Elliðifeyrir/ári	Elliðifeyrir/ári
60	72.370	66.057		
61	74.394	67.650		
62	76.562	69.354		
63	78.887	71.178		
64	81.382	73.131		
65	84.061	75.227		
66	86.941	77.478		
67	90.041	79.899		
68	93.380	82.506		
69	96.980	85.316		
70	100.865	88.350		

22

Staðfesting stjórnar.
Reykjavík 1029. mars-óktóber 2009.

Fylgiskjal I – Fyrirkomulag stjórnarkjörs samkvæmt bráðabirgðaaðkvæði gr. 5.8.
Stjórn eftir ársfundi 2005

	Sitja í 1 ár 2005-2006	Sitja í 2 ár 2005-2007	Sitja í 3 ár 2005-2008	Alls
AL. Aðalmenn	3 2 kosnir á ársfundi 2004 1 tilnefndur af ÍSB 2004	3 2 kosnir á ársfundi 2005 1 tilnefndur af ÍSB 2005	0	6
Varamenn	1 1 kosinn á ársfundi 2004	2 1 kosinn á ársfundi 2005 1 tilnefndur af ÍSB 2005	0	3
LL. Aðalmenn	3 2 tilnefndir af LI 2003 1 kosinn á ársfundi 2003	0	0	3
Varamenn	1 1 kosinn/tilnefndur af LI 2003	0	0	1
Aðalmenn	6	3	0	9
Varamenn	2	2	0	4

Stjórn eftir ársfundi 2006

	Sitja í 1 ár 2006-2007	Sitja í 2 ár 2006-2008	Sitja í 3 ár 2006-2009	Alls
AL. Aðalmenn	3 2 kosnir á ársfundi 2005 1 tilnefndur af ÍSB 2005	0	0	3
Varamenn	2 1 kosinn á ársfundi 2005 1 tilnefndur af ÍSB 2005	0	0	2
LL. Aðalmenn	0	1 1 tilnefndur af LI 2006	1 1 tilnefndur af LI 2006	2
Varamenn	0	0	1 1 tilnefndur af LI 2006	1
A+L. Aðalmenn	0	2 2 kosnir á ársfundi 2006	2 1 kosinn á ársfundi 2006 1 tilnefndur af ÍSB 2006	4
Varamenn	0	1 1 kosinn á ársfundi 2006	0 0	1
Aðalmenn	3	3	3	9
Varamenn	2	1	1	4

Stjórn eftir ársfundi 2007

	Sitja í 1 ár 2007-2008	Sitja í 2 ár 2007-2009	Sitja í 3 ár 2007-2010	Alls
LL. Aðalmenn	1 1 tilnefndur af LI 2006	1 1 tilnefndur af LI 2006		2
Varamenn	0	1 1 tilnefndur af LI 2006		1
A+L. Aðalmenn	2 2 kosnir á ársfundi 2006	2 1 kosinn á ársfundi 2006 1 tilnefndur af ÍSB 2006	3 2 kosnir á ársfundi 2007 1 tilnefndur af ÍSB 2007	7
Varamenn	1 1 kosinn á ársfundi 2006	0	2 1 kosinn á ársfundi 2007 1 tilnefndur af ÍSB 2007	3
Aðalmenn	3	3	3	9
Varamenn	1	1	2	4

Stjórn eftir ársfundi 2008

	Sitja í 1 ár 2008-2009	Sitja í 2 ár 2008-2010	Sitja í 3 ár 2008-2011	Alls
LL Aðalmenn	1 1 tilnefndur af LI 2006	0		1
Varamenn	1 1 tilnefndur af LI 2006	0		1
A+L Aðalmenn	2 1 kosinn á ársfundi 2006 1 tilnefndur af ISB 2006	3 2 kosnir á ársfundi 2007 1 tilnefndur af ISB 2007	3 3 kosnir á ársfundi 2008	8
Varamenn	0	2 1 kosinn á ársfundi 2007 1 tilnefndur af ISB 2007	1 1 kosinn á ársfundi 2008	3
Aðalmenn	3	3	3	9
Varamenn	1	2	1	4

Stjórn eftir ársfundi 2009

	Sitja í 1 ár 2009-2010	Sitja í 2 ár 2009-2011	Sitja í 3 ár 2009-2012	Alls
A+L Aðalmenn	3 2 kosnir á ársfundi 2007 1 kosinn á ársfundi 2009	3 3 kosnir á ársfundi 2008	2 2 kosnir á ársfundi 2009	8
Varamenn	2 1 kosinn á ársfundi 2007 1 kosinn á ársfundi 2009	1 1 kosinn á ársfundi 2008	1 1 kosinn á ársfundi 2009	4

25

Stjórn eftir ársfundi 2010

	Sitja í 1 ár 2010-2011	Sitja í 2 ár 2010-2012	Sitja í 3 ár 2010-2013	Alls
A+L Aðalmenn	3 3 kosnir á ársfundi 2008	2 2 kosnir á ársfundi 2009	2 2 kosnir á ársfundi 2010	7
Varamenn	1 1 kosinn á ársfundi 2008	1 1 kosinn á ársfundi 2009	1 1 kosinn á ársfundi 2010	3

Stjórn eftir ársfundi 2011

	Sitja í 1 ár 2011-2012	Sitja í 2 ár 2011-2013	Sitja í 3 ár 2011-2014	Alls
A+L Aðalmenn	2 2 kosnir á ársfundi 2009	2 2 kosnir á ársfundi 2010	2 2 kosnir á ársfundi 2011	6
Varamenn	1 1 kosinn á ársfundi 2009	1 1 kosinn á ársfundi 2010	1 1 kosinn á ársfundi 2011	3